Möguleikar á því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) hjá samstæðu OR

Gröfin sýna hvaða verkefni hefur verið unnt að ráðast í með setningu loftslagsmarkmiða til að draga úr losun GHL frá samstæðu OR frá 2015-2018 og markmið um að draga úr losun frá 2019 til 2030. Á efra grafinu eru sýnd áhrif allra verkefna samstæðunnar á minnkun losunar og eru þau verkefni mest áberandi sem hafa dregið verulega úr losun. Á neðra grafinu er greint nánar frá þeim verkefnum og árangri þeirra sem falla undir „Annað“ á efra grafinu og þar sem starfsfólk hefur hvert og eitt áhrif á niðurstöðuna. Þessi verkefni eru ekki síður mikilvæg en stóru verkefnin.